

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Grænhól.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Grænhól.

Breytingin tekur til lóðarinnar Sjafnargötu 1 og felur í sér að lóðinni er skipt í tvær lóðir; Sjafnargötu 1A og 1B. Nýtingarhlutfall lóðanna verður 0,3 og innan hvors byggingarreits verður heimilt að reisa verslunar- og þjónustuhúsnæði á einni hæð með mænishæð að hámarki 8 m og veggshæð að hámarki 5 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 13. september 2022,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. september 2022